# Vinastund 8

## Að fylgja fyrirmælum



### Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

o Hvað eru fyrirmæli?
o Hvernig fer maður eftir fyrirmælum?
o Er maður að sýna virðingu ef maður fer ekki eftir fyrirmælum?

### Leikur:

### Símon segir:

Kennarinn er stjórnandinn og allir hinir eiga að gera það sem hann segir. Leikurinn gengur út á það að þátttakendur eigi að gera allt sem stjórnandinn segir, en bara ef að hann segir „Símon segir"

### Verkefni:

### Teikna eftir fyrirmælum:

Kennarinn segir börnunum hvað eigi að teikna og hvar það eigi að vera á blaðinu. Einnig væri hægt að leyfa hverju og einu barni að segja hvað eigi að teikna og hvar.

### Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa